



Haustþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra haldið rafrænt 29. október 2025

Þinggerð

Þingsetning

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar SSNE, setti þingið kl. 08:30 og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Þá óskaði formaður eftir heimild þingsins til að taka það upp, til hægðarauka fyrir þingritara. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tilhögun. Þá tilnefndi formaður Katrínu Sigurjónsdóttur, sveitarstjóra Norðurbings sem þingforseta og Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur framkvæmdastjóra SSNE og Elvu Gunnlaugsdóttur verkefnisstjóra SSNE sem þingritara.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Þingforseti kannaði lögmæti þingsins sem var boðað með tölvupósti 29. september síðastliðinn. Engar athugasemdir komu fram.

Þingforseti kynnti tillögu um eftirfarandi kjörnefnd þingsins:

Arnar Þór Stefánsson, Fjallabyggð (formaður)

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Norðurbingi

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Akureyrarbæ

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

Þingforseti óskaði eftir leyfi þingsins til að taka umræðu um stöðu fjárhagsáætlunar 2025 undir mál til afgreiðslu, samhliða kynningu á tillögum til breytinga á fjárhagsáætlun 2025-2029. Þá óskaði þingforseti eftir leyfi þingsins til að taka saman umræðu um skýrslu stjórnar um framvindu starfsáætlunar og starfsáætlun ársins 2026. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar um framvindu starfsáætlunar 2025 og starfsáætlun SSNE 2026. Skýrslu stjórnar og starfsáætlun SSNE árið 2026 má finna á heimasíðu SSNE.

Þingforseti opnaði mælendaskrá um skýrslu stjórnar um framvindu starfsáætlunar, og starfsáætlun SSNE árið 2026.

Eftirfarandi tóku til máls: Katrín Sigurjónsdóttir tók til máls og þakkaði hinum sveitarfélögunum og starfsfólki SSNE fyrir hönd Norðurlands norðs fyrir stuðninginn sem þau hafa fundið fyrir vegna aðstæðna í atvinnumálum sveitarfélagsins. Þá fagnaði Katrín frekari áherslu á atvinnu- og nýsköpunarmál í starfsáætlun SSNE á næsta ári og óskaði Akureyrarbæ sömuleiðis til hamingju með nýtt borgarhlutverk. Sindri Kristjánsson tók einnig til máls og kom inn á mikilvægi raddar SSNE inn í t.a.m. í skýrslu um atvinnumál á Húsavík og hvatti SSNE til að halda menntastofnunum á svæðinu á lofti í stuðningi við atvinnu- og nýsköpunarmál á næsta ári.

Arnar Þór Stefánsson, formaður kjörnefndar kom upp og gerði grein fyrir mætingu á þingið, en 34 þingfulltrúar af 34 voru mættir. Einnig var löglega til þingsins boðað og þingið því ályktanabært.

Mál til afgreiðslu

Þingforseti gaf Guðjóni Ólafssyni, fulltrúa stjórnar orðið til að kynna tillögu að breytingu á launum stjórnar SSNE. Tillöguna má finna á heimasíðu SSNE.

Þingforseti opnaði mælendaskrá. Enginn tók til máls.

Þingforseti bar upp tillögu að breytingu á launum stjórnar SSNE.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingforseti óskaði eftir leyfi þingsins til að taka saman umræðu um aðrar tillögur til breytinga á fjárhagsáætlun SSNE fyrir árin 2025-2029. Var það samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf Rögnvaldi Guðmundssyni, verkefnastjóra fjármála hjá SSNE orðið. Rögnvaldur kynnti stöðu fjárhagsáætlunar SSNE fyrir árið 2025 og tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025-2029. Rögnvaldur kynnti einnig tillögu um breytingu á framlögum til SSNE.

[Tillögurnar má allar finna á heimasíðu SSNE.](#)

Þingforseti opnaði mælendaskrá. Til máls tóku: Sigríður Bjarnadóttir tók til máls og þakkaði fyrir greinargóðar skýringar en spurði um ástæður þess að endurskoðun og bókhald hafa hækkað. Rögnvaldur svaraði því til að þetta hafi hækkað samkvæmt gjaldskrá endurskoðanda.

Þingforseti bar upp tillögu að breytingu á framlögum til SSNE.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun SSNE fyrir árin 2025-2029.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, framkvæmdastjóra SSNE orðið til að kynna tillögu um ályktanir haustþings SSNE 2025.

Eftirfarandi tóku til máls:

Ályktun 1: Freyr Antonsson tók til máls, ítrekaði mikilvægi flugþróunarsjóðs sem stuðningur við beint millilandaflug. Halla Björk Reynisdóttir tók undir með Frey. Sindri Kristjánsson tók undir með fyrri ræðumönnum en bendir einnig á að stundum sé mikilvægt að fara á dýptina í svona ályktunum. Sunna Hlín Jóhannesdóttir tók til máls og bendir á ályktun frá flugklasanum varðandi að sett yrði sér stjórn yfir flugvellina á Akureyri og Egilsstöðum.

Ályktun 2: Knútur Emil Jónsson tók til máls, benti á fasteignamat orkumannvirkja sem skiptir orkusveitarfélögin máli. Finnur Yngvi tók til máls, skattastefna má ekki draga úr möguleikum á nýrri atvinnustarfsemi.

Ályktun 5: Sindri Kristjánsson spurði hvort ekki væru fleiri aðilar sem ætti að nefna t.d. Landsnet eða Rarik. Albertína sagði stöðu máls þannig að ákvörðun um framhaldið liggi nú hjá ráðherra og Alþingi.

Ályktun 6: Finnur Yngvi tók til máls og vildi taka sterkar til orða.

Ályktun 9: Finnur Yngvi tók til máls og vakti athygli á mikilvægi þess að hálkuvarnir séu einnig hluti af vetrarþjónustu. Katrín Sigurjónsdóttir tók til máls og lýsti yfir ánægju með þessa ályktun. Knútur Emil tók til máls og tók undir með fyrri ræðumönnum. Snorri Finnlaugsson tók til máls og tók undir með Finni varðandi hálkuvarnir.

Ályktun 11: Finnur Yngvi tók til máls og benti á að fólk færir sig nær þjónustu á ákveðnu æviskeiði eða þjónustubörf eykst og lagði því til að síðasta setningin yrði tekin út.

Halla Björk tók til máls og lagði til nýja ályktun nr. 14 varðandi nýsamþykktu Borgarstefnu. Sunna Hlín tók til máls og benti á að í þingsályktunartillögunni segir að Akureyri verði skilgreind sem svæðisborg og hlutverk hennar sem slíkrar mótað í samstarfi ríkis og Akureyrarbæjar. SSNE ætti að vera nefnt þarna. Finnur Yngvi tók til máls og tók undir með Sunnu Hlín.

Þingforseti bar upp tillögu að ályktunum SSNE með áorðnum breytingum í umræðum. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Hlé

Hlé var gert á þinginu kl. 09:53.

Erindi frá samstarfsaðilum

Þingstörf hófust að nýju kl. 10:00.

Þingforseti gaf Ottó Elíassyni framkvæmdastjóra EIMS orðið. Ottó kynnti helstu verkefni Eims og gaf innsýn í verkefni félagsins síðustu misserin m.a. á sviði orkumála, hringrásarhagkerfis og vinnu að loftslagsstefnu Norðurlands eystra í samstarfi við SSNE og RECET verkefnið.

Þingforseti opnaði mælendaskrá. Til máls tóku: Finnur Yngvi tók til máls, fagnaði samningi um glatvarma við atNorth. Hann vakti einnig athygli á því að ef valinn verður nýr farvegur fyrir lífrænan úrgang þá er það jafnframt ákvörðun um að leggja Moltu niður. Sindri Kristjánsson tók til máls og bendir á að fjallað er um Eim í skýrslu stjórnvalda um

atvinnuuppbyggingu á Bakka. Hann spyr hvernig framtíðin horfir við framkvæmdastjóra Eims. Halla Björk spyr um rotþrær á svæðinu og hvort Eimur hafi skoðað notkun þeirra. Eimur hefur ekki skoðað það sérstaklega en lítið mál að fara í það sagði Ottó. Ottó svaraði einnig spurningu Sindra um framtíð Eims. Hann sagði rekstur Eims vera fjármagnaðan með framlögum frá opinberum aðilum, en þau hafa einnig sótt styrkjafé erlendis frá sem er mikil vinna. Ottó benti á að það þurfi alltaf meðgjöf frá bakhjörllum. Samningur um Eim rennur út 2026 en félagið er með skuldbindingar til lengri tíma. Soffía Gísladóttir tók til máls og vakti athygli á litlu verkefni í Kelduhverfi sem glímir við miklar áskoranir t.d. í upphitun húsa. Katrín Sigurjónsdóttir þakkaði Ottó kærlega fyrir kynninguna og minnti sérstaklega á ráðstefnuna um framtíð Bakka sem haldin verður á Húsavík 20. nóvember.

Þingforseti gaf Halldóri Óla Kjartanssyni, starfandi framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands orðið. Halldór Óli kynnti helstu verkefni Markaðsstofunnar og gaf innsýn í verkefni félagsins síðustu misserin og kom þar meðal annars inn á mikilvægi millilandaflugs um Akureyrarflugvöll, um baðverkefni og gönguleiðaverkefni.

Þingforseti opnaði mælendaskrá. Til máls tóku: Þróstur Friðfinnsson tók til máls, hvernig hefur flugþróunarsjóður stutt við flug Easyjet til Akureyrar samanborið við stuðning í Keflavík. Finnur Yngvi tók til máls og lagði áherslu á að flugþróunarsjóður yrði sérstaklega nefndur í ályktun þingsins. Freyr Antonsson tók til máls, flaggaði áhyggjum af flugþróunarsjóði. Halldór Óli tók undir með þeim sem til máls tóku um að flugþróunarsjóður sé gríðarlega mikilvægt verkefni. Þegar horft er til framtíðar er ætlunin að ná meira af beinu flugi til Akureyrar og forsendan er að flugþróunarsjóður verði eflður. Þingforseti þakkaði Halldóri Óla fyrir innleggið.

Þingforseti gaf Leifi Þorkelssyni, framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra orðið. Leifur kynnti helstu verkefni Heilbrigðiseftirlitsins og fjallaði sérstaklega um stöðu mála hvað varðar fyrirhugaða niðurlagningu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og tilfærslu verkefna til Matvælastofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar.

Þingforseti opnaði mælendaskrá. Enginn tók til máls og þakkaði þingforseti Leifi fyrir erindið.

Ávörp gesta

Þingforseti upplýsti um forföll formanns stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga Jóns Björns og kynnti inn Arnar Þór framkvæmdastjóra Sambandsins sem mætti til þingsins í forföllum Jóns Björns. Arnar fór yfir helstu verkefni Sambandsins og kom þar meðal annars inn á innviðamál, stafræna þróun og fjármál sveitarfélaganna. Þar nefndi hann til að mynda mikilvægi þess að sveitarfélögin fái endurgreiðslur á virðisaukaskatti af innviðaframkvæmdum sínum.

Þingforseti opnaði mælendaskrá. Þróstur Friðfinnsson tók til máls og spurði hvernig samtalið gengi varðandi endurskoðun sveitarstjórnalaga. Arnar svaraði því til að samtalið gengi vel og hafa þau væntingar um að ákveðnar breytingar, t.a.m. varðandi fjármál

sveitarfélaga og landshlutasamtökin muni nást fram. Hvað varðar lágmarks íbúafjölda og sameiningar sveitarfélaga þá þarf ekki þvinganir til að hans mati.

Þingforseti upplýsti þingið um að Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis hefði forfallast en hann er erlendis á Norðurlandaráðsþingi. Ráðherra sendi upptekið ávarp í staðinn og var það spilað. Í ávarpinu lagði hann áherslu á stuðningi við nýsköpun, menntun, menningu og styrkingu byggða.

Þingforseti sendi góðar kveðjur til Loga og þakkaði honum fyrir sitt innlegg.

Strandsvæðaskipulag - verkfæri til ákvarðanatöku

Þingforseti hóf dagskrárliðinn á að láta vita um forföll Hildar Dungal, skrifstofustjóra húsnæðis- og skipulagsmála í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu vegna anna í ráðuneytinu. Hildur lét þó vita að ráðuneytið er nú með í undirbúningi að klára endurskipun svæðisráða Austfjarða og Vestfjarða og jafnframt farin að huga að undirbúningi næstu verkefna í samræmi við áherslur landskipulagsstefnu, sem eru þá Eyjafjörður og Skjálfandi.

Þingforseti gaf Ester Önnu Ármannsdóttur, sviðsstjóra stefnumótunar og miðlunar hjá Skipulagsstofnun orðið. Ester Anna kynnti strandsvæðaskipulag sem stjórnþæki og lagði áherslu á mikilvægi þess í ljósi aukinnar eftirspurnar eftir hafsvæðum og takmarkaðrar yfirsýnar yfir nýtingu og vernd þeirra. Hún útskýrði að strandsvæðaskipulag er unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga og taki til afmarkaðra svæða á fjörðum og flóum utan netalaga. Ester lagði áherslu á mikilvægi samráðs í ferlinu og lýsti hvernig almenningur og hagsmunaaðilar geta komið að vinnunni, m.a. í gegnum rafrænar samráðsveitur. Hún benti á að skipulagsvinnan er tækifæri fyrir nærsamfélagið til að hafa áhrif á nýtingu og vernd svæðisins og að það sé mikilvægt að virkja íbúa og afla upplýsinga um óformlega nýtingu svæðanna. Í lokin fjallaði Ester um Eyjafjörð og Skjálfanda sem næstu svæði í strandsvæðaskipulagsvinnu og benti á www.hafskipulag.is fyrir þau sem vilja kynna sér þetta nánar.

Þingforseti gaf Aðalsteini Óskarssyni, sviðsstjóra byggðamála hjá Vestfjarðastofu orðið. Aðalsteinn fjallaði um strandsvæðaskipulag út frá reynslu Vestfjarða og sögulegri þróun þessa verkfæris sem hófst að frumkvæði Vestfirðinga. Hann lagði áherslu á að strandsvæðaskipulag sé mikilvægt stjórnþæki til að tryggja jafnvægi milli umhverfis-, samfélags- og efnahags og að sveitarfélögin fái þarna tækifæri til að móta stefnu í samstarfi við ríkið.

Aðalsteinn lýsti stjórnsýsluferlinu og lagði áherslu á mikilvægi samfellu í starfi svæðisráða. Hann gagnrýndi töf á skipan nýrra svæðisráða og benti á að slíkt skapi óvissu og geti leitt til þess að hagaðilar leiti annarra leiða til að fá málum framgengt. Hann fjallaði einnig um árekstra milli mismunandi nýtingar, t.d. fiskeldis og siglingaleiða, og hvernig skipulagið geti hjálpað til við að leysa slík ágreiningsmál.

Í erindinu kom fram að skipulagið þurfi að byggja á traustum gögnum og að stofnanir og ráðuneyti þurfi að vera meðvitaðar um hvaða gögn þarf að leggja fram. Aðalsteinn hvatti

sveitarfélög til að nýta ákvæði um samráðshópa til að tryggja aðkomu þeirra sem ekki eiga beint sæti í svæðisráði. Hann lagði einnig áherslu á að skipulagið þurfi að taka mið af breyttum forsendum, t.d. loftslagsbreytingum og tækniþróunum, og að sveitarfélögin haldi fast í rétt sinn til að hafa áhrif á skipulag haf- og strandsvæða.

Þingforseti opnaði mælendaskrá. Þróstur Friðfinnsson tók til máls og spurði Aðalstein hvernig eftirfylgni með skipulaginu væri háttað. Hann beindi einnig spurningu til Esterar um hvernig forræði á skipulagsmálum á haf- og strandsvæðum sé háttað á Norðurlöndunum, þá einkum sveitarfélögum þar. Ester svaraði því til að það sé aðeins ólíkt milli landa, en á sumum Norðurlandanna nær lögsaga sveitarfélaga lengra út en hér og stjórnsýslan er sömuleiðis miklu sterkari en hér. Aðalsteinn svaraði því til að svæðisráðið fylgir skipulaginu eftir og er þar Skipulagsstofnun stuðningur, en vinna í svæðisráðinu er ólaunuð. Finnur Yngvi tók til máls, spurði Aðalstein um reynsluna fyrir vestan af árekstrum milli fiskeldis og annarrar starfsemi, sérstaklega í þröngum fjörðum þar sem mikil umferð skemmtiferðaskipa og fiskiskipa er. Aðalsteinn svaraði því að almennt hafi ekki verið miklir árekstrar á Vestfjörðum, en nefndi þó einhver dæmi um þar sem mikilvægi virks svæðisráðs kom vel fram. Ester nefndi til viðbótar að hagsmunaárekstrar milli fiskeldis og annarra aðila séu til staðar, enda takmarkar aukið fiskeldi nýtingu annarra.

Þingi slitið

Þingforseti óskar eftir leyfi fundarins fyrir þingforseta og ritara að ganga frá fundargerð, ekki voru mótmæli við því.

Þingforseti þakkar fyrir góðan fund, þinggestum og starfsmönnum SSNE. Þingforseti sleit þinginu klukkan 12.32.